

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 68 frá 1971.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson.

1. gr.

Á eftir orðinu „mannúðarmála“ í F-lið 7. gr. laganna komi orðin: starfsemi stjórnmalaflokka.

2. gr.

Á eftir 1. másl. í D-lið 12. gr. laganna (sbr. 5. gr. laga nr. 7/1972) komi nýr másl. svo hljóðandi:

Enn fremur einstakar gjafir til stjórnmalaflokka, þó ekki yfir 5% af skattskyldum tekjum gefanda, enda sé hver gjöf ekki undir 300 kr.

2. másl. liður, sem verði 3. másl. liður, hljóði svo:

Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð, hvaða malaflokkar og stofnanir komi til greina samkvæmt 1. másl. lið þessa stafliðs.

3. gr.

Á eftir orðunum „I. kafla laga þessara, svo og“ í 1. mgr. 35. gr. komi orðin: stjórnmalaflokkar og.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta fjallar um fjárreiður stjórnmalaflokka. Meginefni þess er annars vegar að stjórnmalaflokkar verði framtalsskyldir, enda þótt þeir séu skattfrjálsir, en hins vegar að auðvelda flokkum að afla sér nokkurs fjár með frjálsum framlögum almennings. Er þar um að ræða skattfrelsi einstakra gjafa til stjórnmalaflokka, sem þó mega ekki nema umfram 5% af skattskyldum tekjum gefanda, og heimild til að undanþiggja happdrættisvinninga skattskyldu á sama hátt og nú er um vinninga í happdrættum, þar sem ágóðanum er varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi.

Í öðru frumvarpi, sem lagt hefur verið fram, eru tekin af öll tvímæli um það, að stjórnmalaflokkar skuli vera bókhaldsskyldir.

Talsverðar umræður hafa öðru hverju orðið um fjárreiður stjórnmalaflokka og eftirlit með fjármálum þeirra. Þannig urðu til dæmis talsverðar deilur um þetta efni fyrir tveimur árum í tilefni af tillögum í Reykjavíkurbrefti Morgunblaðsins um eftirlit með fjárreiðum stjórnmalaflokka og aðgerðir til að létta þeim fjáröflun á þann veg sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir. En þótt slíkar umræður hafi farið fram hefur ekkert verið aðhafst til úrbóta í þessu efni, og þess vegna er frumvarp þetta fram komið.

Ljóst er að ýmislegt gæti orkað tvímælis við framkvæmd tillagna þeirra, sem hér eru fluttar, ef að lögum yrðu, en svo er raunar um ýmis fleiri atriði skattalaga, svo sem kunnugt er. Þannig er til dæmis hvergi í íslenskri löggjöf skilgreint hvað stjórnmalaflokkur sé, og kann því að orka tvímælis hve langt bæri að ganga í að heimta framtöl frá stjórnmalafélögum. Væntanlega yrðu lög þessi skýrð þröngt, ef slíka skýrgreiningu skorti, þegar þau kæmu til framkvæmda, en tækju í öllu falli til aðalskrifstofu flokkanna, rekstrar fasteigna og útgáfustarfsemi. Hugmyndir hafa þó verið uppi um að nauðsyn bæri til að setja löggjöf um réttindi og skyldur stjórnmalaflokka og mundi þá margt skýrast. En flutningsmaður telur eðlilegt að á þessu stigi málsins verði um þetta fjallað í þingnefnd, þar sem fulltrúar mismunandi stjórnmalaflokka hafa aðstöðu til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Nefnd sú, sem fær frumvarp þetta til meðferðar, metur hvort ástæða sé til að kveða nánar á um til hverra framtalsskyldan skuli ná eða um fyrirkomulag framtala flokkanna.

Ljóst er að í nútíma þjóðfélagi þurfa stjórnmalaflokkar á talsverðu fjármagni að halda til starfsemi sinnar. Heilbrigðast og eðlilegast er að þeir afli fjár með frjálsum framlögum frá almenningsi, eins og þeir raunar gera þegar í ríkum mæli. Í skattalögum eru nú þegar ákvæði um að einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknarstofnana, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga séu skattfrjálsar, en þó ekki meira en tíu af hundraði skattskyldra tekna gefanda. Hér er lagt til að einstakar gjafir til stjórnmalaflokka séu einnig undanþegnar skatti, en þó ekki hærri upphæð en nemur 5% af skattskyldum tekjum gefanda.

Ráð er fyrir því gert að lögín öðlist gildi 1. janúar næstkomandi og mundu þá fyrstu framtöl flokkanna send skattayfirvöldum á árinu 1977, en naumast er unnt að gera flokkana framtalsskylda fyrr en þeir hafa ótvírætt verið bókhaldsskyldir um eins árs skeið.